



Varðandi: Úthlutun fjármuna vegna veikindaforfalla
Málsnúmer: 1512118
Dagsetning: 17. október 2016

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að úthluta samtals kr. 13.886.000 úr veikindapotti Akraneskaupstaðar eða 50% af heildarupphæð umsókna vegna veikinda starfsmanna á fyrri hluta ársins.

Endanleg afstaða til umsóknanna verður tekin í tengslum við afgreiðslu bæjarráðs á umsókna vegna síðari hluta ársins.

GREINARGERÐ:

Heildarfjárhæð umsókna stofnana vegna afleysinga vegna veikinda starfsmanna er kr. 27.770.726 og eru allar frá stofnunum skóla- og frístundasviðs. Heildarfjármagn í veikindapottinum á árinu 2016 er kr. 30 mkr. og var fjárhæðin aukin um 10 mkr. frá árinu 2015 og er hlutfall veikindapottsins tæplega 1,0% (0,98) af launaútgjöldum.

Lagt er til að úthlutað verði sem nemur 50% fjárhæðar umsókna nú en stefnt er að því að taka til afgreiðslu umsóknir vegna síðari hluta ársins á fundi bæjarráðs þann 24. nóvember næstkomandi. Þá verður væntanlega hægt að taka endanlega afstöðu til allra fyrirliggjandi umsókna en gæta verður jafnræðis varðandi umsóknir óháð þeim árstíma sem veikindi kunna að koma upp í einstökum stofnunum.

Ráðstöfun fjármunanna þarf að staðfesta með viðauka sem fjalla þarf um í bæjarstjórn en síðasti reglulegi fundur bæjarstjórnar skv. fundadagatali ársins er 13. desember næstkomandi.



Akraneskaupstaður

Með vísan til framanritaðs gerir bæjarstjóri ofangreinda tillögu.

Regína Ásvaldsdóttir

Regína Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri